

Fréttabréf



FRÉTTABRÉF LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA RÍKISINS OG LÍFEYRISSJÓÐS HJÚKRUNARFRÆÐINGA



Að fjallabaki rétt austan við Landmannalaugar

Góð áhættudreifing

Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og miklu máli skiptir að haga stýringu verðbréfasafna þeirra með það að leiðarljósi. Í þeim erfiðleikum sem dunið hafa yfir á undanförunum árum hefur það skipt miklu máli að eignasafni LSR er vel dreift á mismunandi eignaflokka og landsvæði. Í árslok 2010 voru 30% eigna sjóðsins í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, 15,2% í fasteignatryggðum lánum til sjóðfélaga, 6,1% í skuldabréfum sveitarfélaga, 9,2% í öðrum innlendum skuldabréfum, 1,6% í innlendum hlutabréfum, 28,3% í erlendum hlutabréfum og 4,9% í öðrum fjárfestingum. Á síðasta ári skiluðu allir eignaflokkar jákvæðri ávöxtun. Styrking krónunnar dró hins vegar ávöxtunina niður því þegar krónan styrkist minnkar er-

lend eign sjóðanna reiknuð í íslenskum gjaldmiðli. Vegna gjaldeyrishafta gat sjóðurinn ekki varist slíkri styrkingu með gjaldmiðlavarناسamningum. Tekjur LSR af verðbréfaeign voru 17,6 milljarðar króna á árinu 2010. Nafnávöxtun var 4,9%. Að teknu tilliti til verðbólgu og rekstrarkostnaðar var hrein raunávöxtun 2,2%.

Ávöxtun ársins verður að teljast viðunandi í ljósi erfiðs efnahagsástands, gjaldeyrishafta og fábreyttra fjárfestingarkosta. Hún er engu að síður undir þeim 3,5% mörkum sem almennt er miðað við í rekstri lífeyrissjóða. Langtímaávöxtun hjá LSR er hins vegar yfir þeim mörkum og þrátt fyrir hrun fjármálakerfisins á árinu 2008 er 20 ára ávöxtunin t.d. að meðaltali 3,6%.

Allt fram streymir

Nútímanum fylgir ný tækni sem greiðir okkur leið um veraldarvefinn, markaðstorg upplýsinga. Allir eiga leið um þetta torg með einum eða öðrum hætti og þurfa stöðugt að kynna sér það sem er í boði. Aðgangurinn verður sífellt greiðari og áður en langt um liður munum við fá í hendur rafræn skilríki sem auðvelda okkur enn frekar að sækja þangað þær upplýsingar sem við þurfum.

Á heimasíðu LSR, sem nú hefur tekið gagngerum breytingum með þetta í huga, er að finna

upplýsingar sem eru mikilvægar bæði fyrir líðandi stund og til framtíðar. Aðild að lífeyrissjóði er löng vegferð og mikilvægt að vita sem best hvað tekur við að henni lokinni, a.m.k. hvað varðar fjárhagslega afkomu. Sjóðfélagar eru hvattir til þess að kynna sér nýja heimasíðu, kanna réttindi sín og skyldur. Afborgun af láni á gjalddaga eða lífeyrir við starfslok má ekki koma á óvart. Finnir þú ekki það sem þú leitar að á heimasíðunni þá er starfsfólk sjóðsins reiðubúið að liðsinna þér.

Eignir LSR og LH



Um síðustu áramót voru sam-
anlagðar eignir LSR og Lífeyris-
sjóðs hjúkrunarfræðinga (LH)
372 milljarðar króna og höfðu
þær aukist um 22 milljarða frá
árinu á undan. Eignir LSR voru
350 milljarðar og LH 22 milljarðar.
Fyrir hrun fjármálakerfisins voru
samanlagðar eignir LSR og LH
hæstar í lok þriðja ársfjórðungs
2008 en þá voru þær 338 mill-
jarðar. Eignir um síðustu áramót
voru því 34 milljörðum hærri en
þær voru hæstar fyrir hrun.

VIRK - Starfsend- urhæfingar- sjóður

Hlutverk VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Öll helstu samtök stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði eiga aðild að sjóðnum.

Meginverkefni Starfsendurhæfingarsjóðs eru að;

- skipuleggja og fjármagna störf ráðgjafa sem starfa á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og aðstoða einstaklinga sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda
- greiða kostnað vegna ráðgjafar, þjónustu og úrræða á sviði starfsendurhæfingar þar sem markmiðið er að auka vinnugetu einstaklinga.

Auk þessa sinnir sjóðurinn ýmsum öðrum verkefnum s.s. fjölbreyttri ráðgjöf, fræðslu, þekkingaröflun, þróun og rannsóknum.

28 ráðgjafar eru nú starfandi hjá sjúkrasjóðum um allt land. Boðið er upp á fjölbreytta þjónustu, úrræði og stuðning sem miðar að því að auka starfsgetu einstaklinga. Stefnir er að auknu samstarfi milli VIRK og lífeyrissjóða á næstu mánuðum þar sem sjóðfélögum á örorkulífeyri verður m.a. boðið upp á þjónustu sem hefur það að markmiði að auka starfsgetu og bæta lífsgæði.

Nánari upplýsingar um starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is

Góð ávöxtun Séreignar LSR á árinu

Markaðsaðstæður voru hagstæðar fjárfestingarstefnum Leiða I og II á árinu 2010. Leið I hækkaði um 12,9% að nafnvirði sem svarar til 10,0% hreinnar raunávöxtunar. Leið II hækkaði um 14,2% að nafnvirði sem svarar til 11,2% hreinnar raunávöxtunar. Leið III hækkaði um 6,3% sem svarar til 3,5% hreinnar raunávöxtunar.

Frá árslokum 2008 hefur Leið I hækkað um 33,8% að nafnvirði, Leið II um 30,4% að nafnvirði og Leið III um 21,4% að nafnvirði en yfir sama tveggja ára tímabil var 11,4% verðbólga hér á landi. Allar þrjár leiðir Séreignar LSR hafa því skilað góðri raunávöxtun frá árslokum 2008 eða eftir að fjármálakreppan skall á.

Hækkanir á innlendum ríkistryggðum skuldabréfum er ein helsta ástæða þess að Leiðir I og II skiluðu góðri ávöxtun á árinu. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra ríkisbréfa lækkaði á árinu sem skilaði sér í hærri virði bréfanna. Vísitala

óverðtryggðra ríkisbréfa hækkaði um 18,6% og vísitala verðtryggðra ríkisbréfa og íbúðabréfa hækkaði um 12,2% á árinu 2010. Vaxtalækkunar Seðlabanka Íslands og takmarkað framboð af öðrum fjárfestingarkostum eru meðal skýringa á góðri ávöxtun innlendra skuldabréfa á árinu.

Hlutabréfamarkaðir tóku jafnframt vel við sér á árinu og skilaði innlent hlutabréfasafn Séreignar 43,5% nafnávöxtun. Erlendir markaðir hækkuðu um 11,8% í dollurum talið en vegna styrkingar krónunnar skilaði erlent hlutabréfasafn Séreignar þó rétt um 1,9% ávöxtun, mælt í krónum.

Vextir á verðtryggðum innlánnum lækkuðu sem, ásamt lítilli verðbólgu ársins, leiddi til lægri ávöxtunar á innlánnum samanborið við árið 2009. Í upphafi árs voru þeir 4% en stóðu í lok árs í 3,2%. Mestra áhrifa hefur það gætt hjá Leið III þar sem eignir eru aðeins ávaxtaðar á verðtryggðum innlánsreikningum.

Val á fjárfestingarleið í Séreign LSR

Sjóðfélagar í Séreign LSR geta valið milli Leiðar I, Leiðar II, Leiðar III og Sér-leiðar þar sem fjárfestingarstefna breytist sjálfkrafa eftir aldri sjóðfélaga.

Við val á fjárfestingarleið er skynsamlegt að taka mið af aldri sjóðfélaga sem og viðhorfi hans til áhættu. Eftir því sem sjóðfélagi er yngri og lengra er í lífeyristöku því meira er áhættuþol hans. Hann hefur lengri tíma til að ávaxta sparnað sinn og þolir því frekar skammtímasveiflur sem fylgja hlutabréfa- og skuldabréfaverði.

Áhættuminnsta ávöxtunarleiðin í Séreign LSR er Leið III. Hún hentar bæði þeim sem eiga skammt í lífeyristöku og þeim sem vilja lágmarka sveiflur í ávöxtun. Leiðir I og II eru áhættumeiri og henta þeim sem eiga mörg ár

til starfsloka og hafa tímann fyrir sér til að jafna út sveiflur í ávöxtun. Hafa þeir í huga að lífeyrissparnaður er langtímafjárfesting.

Sér-leið LSR er þægilegt sparnaðarform þar sem fjárfestingarstefna fylgir aldri sjóðfélaga en jafnframt áhættuvali hans. Það er eðlilegt að draga úr vægi áhættumeiri fjárfestinga eftir því sem fólk eldist og nær dregur lífeyrisgreiðslum. Framan af hefur sjóðfélagi val um Leið I eða II, allt eftir viðhorfi hans til áhættu. Við 55 ára aldur byrjar iðgjald að flytjast úr Leiðum I og II yfir í Leið III og ávaxtast á verðtryggðum innlánsreikningum til töku lífeyris. Sjóðfélagar geta nú breytt valinni fjárfestingarleið með rafrænum hætti með aðgangi sínum að sjóðfélagavef LSR.

A-deild LSR


- Verðtryggð réttindi sem veita sjóðfélögum ævilangan ellilífeyri.
- Örorkulífeyrir komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss. Hafi sjóðfélagi greitt í lífeyrisjóð í amk 3 ár þá kann hann að eiga rétt á framreikningi réttinda til 65 ára aldurs.

- Eftirlifandi maki á rétt á makalífeyri í 5 ár en með börnum er makalífeyrir greiddur þar til yngsta barn verður 22 ára.
- Iðgjöld eru 4% af heildarlaunum og eru dregin af launum um hver mánaðamót.
- Iðgjöldin eru umreiknuð í stig sem hlutfall af viðmiðunarfjárhæð.
- Í A-deild er miðað við réttindaávinnslu út frá 1,9% af meðallaunum ársins.
- Við töku lífeyris eru áunnin stig lögð saman og mynda grunn að ellilífeyrinum. Fjárhæð lífeyris fer því eftir þeim heildarlaunum sem sjóðfélaginn hefur yfir starfsævina.
- Verðtrygging lífeyris fylgir vísitölu neysluverðs.

Ný vefsíða www.lsr.is

Þekkir þú lífeyrisrétt þinn?

- og getur þú sótt svör við þeirri spurningu á heimasíðu LSR?



Þegar lífeyrismál eru skoðuð í heild sinni er ágætt að skipta umfjölluninni í minni einingar. Á nýrri heimasíðu LSR er kafla-
 anum um lífeyrisréttindi skipt í tvennt, ávinnslu og lífeyri, upphaf og endi á löngu ferli. Í þeim hluta síðunnar sem fjallað er um upphafið, eru iðgjöld og ávinnsla réttinda til skoðunar en í lífeyrishlutunum er fjallað um sjálfa lífeyristökuna og tegundir lífeyris. Umfjöllunin skarast oft en miðað

er við að flæði upplýsinganna sé gott og aðgengi þeirra einfalt.

Við hönnun nýrrar heimasíðu LSR var talsvert lagt upp úr því að aðgreina upplýsingar um LSR sjóðina, A-deild, B-deild, LH og Séreign LSR. Við þá aðgreiningu var m.a. gengið út frá því að upplýsa þá sjóðfélaga sem eru að velta fyrir sér í hvaða sjóð þeir greiða hjá LSR?

Nýtt útlit á sjóðfélagavef LSR

Sjóðfélagavefur LSR hefur verið uppfærður í sama útlit og heimasíðan hjá LSR. Veittar upplýsingar eru þær sömu og áður: yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur valins tímabils, stöðu inneignar í Séreign LSR, ítarleg reiknivél sem gefur sjóðfélaga kost á að áætla lífeyri framtíðarinnar og upplýsingar um aðra sjóði sem sjóðfélaginn hefur greitt til yfir starfsævina. Lífeyrisþegar geta nú sótt launaseðla yfir valið tímabil. Þá er sú nýjung að sjóðfélagar Séreignar LSR geta valið að breyta fjárfestingarleið í gegn um sjóðfélagavefinn. Að auki geta sjóðfélagar núna valið rafrænt á sjóðfélagavefnum hvort þeir vilja fá launaseðla á pappír en almenna reglan er að birta slíkt rafrænt. Einnig er hægt að afþakka yfirlit á pappír.

Við innskráningu á Sjóðfélagavef LSR verður hægt að nýta rafræn skilríki til viðbótar við hefðbundna innskráningu með notanda-
 nafni og lykilorði.


Hvað getum við gert fyrir þig?


Á langri starfsævi leggja sjóðfélagar í LSR ekki oft leið sína á skrifstofu sjóðsins. Þess vegna teljum við brýnt að þeir fái góða þjónustu þegar þeir koma eða hafa samband við skrifstofu sjóðsins.

Sú var tíðin að lífeyrir var greiddur með beinhörðum peningum eða með ávísun sem rétt var yfir borðið. Nú eru breyttir tímar, pappírsmarkun á undanhaldi og heimabankinn tekur við peningunum. Þar geta sjóðfélagar nú einnig lesið rafrænan launaseðil og lántakendur greiðsluseðla vegna lífeyrissjóðslána.

Starfsemi LSR hefur aukist hratt á skömmum tíma og starfsmenn eru nú að nálgast fjórða tuginn. Sjóðurinn hefur ríkar skyldur um upplýsingagjöf til opinberra eftirlitsaðila og einnig við sjóðfélaga sína. Með endurbættari heimasíðu, fréttabréfi sem þessu, fræðslu og kynningu af ýmsu tagi er reynt að miðla nauðsynlegum upplýsingum til sjóðfélaga svo þeir verði sér betur meðvitaðri um réttindi sín hjá sjóðnum.

Eftir því sem rafræn samskipti þróaast meira er hætt á að persónuleg samskipti verði minni. Við spyrjum eftir sem áður: Hvað getum við gert fyrir þig?





Ný reiknivél fyrir LSR lán

Á nýrri heimasíðu sjóðanna verður einföld og aðgengileg reiknivél fyrir lántakendur. Á eldri heimasíðu hafa verið tvær reiknivélir en nú tekur við ein vél sem á að vera einfaldari og öflugri í alla staði. Þeim sem huga að lántöku eða eru að velja fyrir sér lán um á öðrum grunni á að vera mikill akkur í þessari breytingu.

Rafrænir greiðsluseðlar lána

Rafrænn samskiptamáti hefur tekið við af pappírnum og heimilisbók-haldið færist í æ ríkara mæli yfir í heimabankann. Lántakendur ættu nú þegar að vitja greiðsluseðla vegna afborgana af LSR-lánum sínum eingöngu þar. Heimabankinn birtir sömu upplýsingar og væru annars á heimsendum pappír. Þetta fyrirkomulag er hagkvæmara fyrir báða og sparar bæði pappír og útbuð. Þeir sem það kjósa geta fengið greiðsluseðla senda í pósti en þurfa að sækja um það með símtali við lánafulltrúa, í tölvupósti eða koma á skrifstofu sjóðsins.

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.
Ábyrgðarmaður: Haukur Hafsteinsson
Umsjón: Ágústa Gísladóttir
Hönnun og umbrot: Tunglið – auglýsingastofa
Prentun: Ísafoldarprentsmiði

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 • Sími: 510 6100

Símatími 9:00–16:00
Afgreiðslutími 9:00–15:30



Bankastræti 7 • 101 Reykjavík • Sími: 510 6100
Fax: 510 6150 • lsr@lsr.is • www.lsr.is



Landmannalaugar

Um gjaldeyrisvarnir lífeyrissjóða

Íslenskir lífeyrissjóðir hafa um árabíl beitt gjaldmiðlastýringu vegna erlendra eigna, en frá því að bankarnir féllu hefur það þó ekki verið gerlegt vegna gjaldeyrishafta. Markmið stýringarinnar er að draga úr sveiflum á gengi gjaldmiðla með gjaldmiðlavörnum og koma í veg fyrir að erlendar eignir lækki í heimamýntinni ef hún styrkist gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Gjaldmiðlavarirnir eru ekkert séríslenskt fyrirbrigði. Tímaritið Institutional Investor gerir könnun meðal lífeyrissjóða einu sinni í mánuði og spyr ýmissa spurninga um eigna- og áhættustýringu. Spurning mánaðarins í febrúar 2011 var hvort sjóðirnir beittu gjaldmiðlavörnum

til að draga úr gjaldeyrisáhættu. Könnunin náði til 260 lífeyrissjóða í Evrópu sem eru meðlimir í þekkingarklúbbi tímaritsins. Niðurstaðan var mjög afgerandi en 80 % þeirra sem svöruðu spurningunni sögðust verja erlendar eignir að hluta til eða öllu leyti. Ef lífeyrissjóðir annarra Evrópuríkja sjá ástæðu til að verjast gjaldeyrisáhættu verður að teljast mjög eðlilegt að íslenskir lífeyrissjóðir hafi hugsað svipað. Einnig verður að hafa í huga að á liðnum árum og áratugum hafa fáar myntir sveiflast jafnmikið gagnvart öðrum myntum og íslenska krónan. Íslenskir lífeyrissjóðir höfðu því sérstaka ástæðu til að nota gjaldeyrisvarnir.

Tímamörk á 110% leið

Fjöldi lántakenda hefur lent í greiðsluvanda við þær aðstæður sem hafa ríkt í efnahagslífinu hér á landi að undanfögnu. Vandi lántakenda getur verið af ýmsum toga og af mismunandi ástæðum. Lífeyrissjóðir hafa reynt að mæta þörfum þeirra, sem lent hafa í verulegum vanda, með fleiri úrræðum en áður voru í boði. Frestun greiðslna og lenging á innheimtuferli eru skammtímaúrræði en sértæk skuldaaðlögun og niðurfelling lána niður að 110 % af verðmæti eignar eru lausnir sem ætlað er að mæta vandanum til lengri tíma. Þá hafa lífeyrissjóðirnir átt í samstarfi við embætti umboðsmanns skuldara um leiðir fyrir þá sem eru í hvað mestum greiðsluvanda, um greiðsluáðlögun og úrræði vegna tveggja fasteigna.

Nú þegar nokkur tími er liðinn frá efnahagshruninu hafa áherslur aðila færst frá skammtímaúrræðum og aukinn þungi verið lagður á að leita varanlegri lausna. Því hefur t.d. verið þrengt að frýstingu lána. Lífeyrissjóðir ásamt bönkum og sparisjóðum vinna nú á grundvelli yfirlýsingar, sem undirrituð var í desember á síðasta ári, þar sem áhersla er lögð á að gera úrræðin um sértæka skuldaaðlögun og niðurfellingu lána niður að 110 % af verðmæti eignar skilvirkari en áður. Þá er það markmið aðila á fjármálamarkaði að reyna að vinna úr vanda sem flestra á þessu ári. Því hafa tímamörk verið sett t.d. á 110 % leiðina og þurfa umsóknir að berasta lánveitendum fyrir 1. júlí á þessu ári.